Til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Efni: Beiðni um 500.000 króna styrk til vetrarfóðrunar vatnafugla í Hafnarfirði 2026?2027

Ágætu bæjarfulltrúar.

Fyrir hönd Dýravaktarinnar, samtaka um réttindi og velferð dýra, vil ég þakka Hafnarfjarðarbæ fyrir þann fjárhagslega stuðning sem bærinn hefur veitt verkefni okkar við vetrarfóðrun vatnafugla undanfarin ár. Við kunnum sérstaklega að meta að styrkurinn var hækkaður í 200.000 krónur.

Dýravaktin hefur frá desember 2022, þegar miklir kuldar og jarðbönn sköpuðu erfiðar aðstæður fyrir fuglalíf, staðið fyrir skipulagðri vetrarfóðrun vatnafugla í Hafnarfirði og víðar á höfuðborgarsvæðinu. Starfið byggist á framlagi sjálfboðaliða sem leggja bæði tíma sinn og oft eigið fé til verkefnisins.

Í Hafnarfirði hefur fóðrunin einkum farið fram við Hamarskotslæk, meðal annars við stífluna í Lækjarkinn og tjörnina við Hafnarborg. Þar hefur fjölbreytt fuglalíf lengi verið hluti af bæjarmyndinni og veitt bæjarbúum og gestum mikla ánægju.

Á erfiðasta hluta vetrarins höfum við áætlað fóðurþörfina við lækinn um 60 kg á dag. Það getur numið um sjö tonnum yfir fóðrunartímabilið og felur í sér verulegan kostnað.

Fyrir veturinn 2026?2027 áætlar Dýravaktin að lágmarksfjárþörf vegna fóðurkaupa á öllum starfssvæðum samtakanna verði um fimm milljónir króna.

Við óskum því eftir að Hafnarfjarðarbær veiti Dýravaktinni 500.000 króna styrk til að standa straum af kostnaði við vetrarfóðrun vatnafugla í Hafnarfirði á komandi vetri.

Jafnframt viljum við leggja áherslu á mikilvægi góðs samstarfs um umgengni við Hamarskotslæk og aðbúnað fuglanna.

Dýravaktin hefur áður lagt til að sett verði upp upplýsingaskilti við lækinn með leiðbeiningum á íslensku og ensku um hvaða fóður hentar vatnafuglum og hvernig almenningur geti umgengist þá af ábyrgð. Við teljum að slík fræðsla geti stuðlað að betri umgengni, dregið úr óheppilegum fóðurgjöfum og aukið skilning á þörfum fuglanna.

Við erum reiðubúin til samstarfs við Hafnarfjarðarbæ um slíkar leiðbeiningar og um skipulag fóðrunar sem tekur mið af velferð fuglanna, hreinlæti og umhverfi lækjarins. Gott væri ef við gætum hitt ykkur á fundi sem fyrst.

Fuglalífið við Hamarskotslæk er dýrmætur hluti af náttúru og sögu Hafnarfjarðar. Við vonum að bæjarstjórn sjái sér fært að efla stuðning sinn við þetta sjálfboðaliðastarf og stuðla að farsælu samstarfi um vernd og velferð fuglanna.

Með bestu kveðju,

Ingiveig Gunnarsdóttir
Stjórnarformaður Dýravaktarinnar
Samtök um réttindi og velferð dýra
Kt. 630125-0220
www.dyravaktin.is